

Reglur um viðskipti starfsmanna við Akta sjóði hf.

Samþykkt í júní 2019 / Ábyrgðaraðili: Regluvörður

1. Lagastoð og gildissvið

- 1.1. Reglur þessar eru settar á grundvelli 57. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
- 1.2. Reglur þessar gilda um viðskipti starfsmanna við Akta sjóði hf. (hér eftir nefnt félagið). Með viðskiptum er m.a. átt við beiðni um verðbréfavíðskipti, gerð samnings um eignastýringu eða aðra þjónustu sem félagið kann að bjóða uppá.

2. Viðskiptakjör starfsmanna við félagið

- 2.1. Viðskipti starfsmanna skulu, eftir því sem kostur er, lúta sömu reglum og gilda um viðskipti annarra viðskiptavina félagsins í sambærilegum viðskiptum.
- 2.2. Framkvæmdastjóra er heimilt að veita starfmönnum starfsmannakjör sem eru sambærileg og bestu kjör viðskiptamanna félagsins. Skulu starfsmannakjör almennt vera sambærileg fyrir alla starfsmenn félagsins.

3. Viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga

- 3.1. Starfsmenn skulu ávallt fá fyrirfram heimild regluvarðar fyrir fyrirhuguðum viðskiptum með fjármálagerninga. Hvers konar viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga krefjast sérstakrar aðgætni gagnvart hugsanlegum hagsmunaárekstrum sem upp kunna að koma gagnvart viðskiptavinum eða félaginu. Um viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga gilda reglur félagsins um verðbréfavíðskipti starfsmanna.

4. Viðskipti framkvæmdastjóra við félagið

- 4.1. Allir samningar félagsins um lán, ábyrgðir, kauprétt eða sambærileg viðskipti við framkvæmdastjóra eru háðir samþykki stjórnar félagsins.
- 4.2. Bóka skal ákvörðun um slíkt í gerðarbók stjórnar og tilkynna skal um ákvörðun til Fjármálaeftirlitsins. Sama gildir um alla sem eru í nánnum tengslum við framkvæmdastjóra.
- 4.3. Framkvæmdastjóri skal ekki njóta sérstakra kjara umfram það sem öðrum viðskiptavinum býðst í sambærilegum viðskiptum, sbr. gr. 2.2.
- 4.4. Samtala heildarfyrirgreiðslna til framkvæmdastjóra og aðila í nánnum tengslum við hann má hæst vera 200 millj. kr., að teknu tilliti til 30. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki um takmarkanir á stórum áhættuskuldbindingum.
- 4.5. Fyrirgreiðsla til framkvæmdastjóra og aðila í nánnum tengslum við hann skal eingöngu veitt gegn traustum tryggingum í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 247/2017 eða útlánareglur bankans ef þær gera ríkari kröfur.

5. Almenn um viðskipti starfsmanna




Starfsmanni félagsins er óheimilt að framkvæma eða koma að hvers konar afgreiðslu fyrir eigin hönd eða aðila í nánum tengslum við sig.

6. Breytingar og gildistaka

- 6.1. Reglur þessar öðlast gildi að fenginni undirritun stjórnar og um leið falla úr gildi eldri reglur félagsins um sama efni.

- 6.2. Reglur þessar skal birta á vef félagsins, www.akta.is

Samþykkt af stjórn Akta sjóða hf. þann 12. júní 2019



Olga Jonsdóttir